



Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

6. október 2017

Tilvísun: 2017020041

Efni: Kynning á viðmiðunarreglum EBA vegna markaðsáættu og á breyttri framkvæmd vegna viðmiðunarreglna ESAs.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út nokkurn fjölda viðmiðunarreglna (e. *guidelines*) sem varða starfsemi fjármálafyrirtækja og tengjast CRD IV regluverkinu, m.a. viðmiðunarreglur um markaðsáættu. Tilgangur viðmiðunarreglna EBA er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES. Viðmiðunarreglurnar eru nánari útfærsla á ákvæðum tilskipana og reglugerða sem innleiddar hafa verið hér á landi með setningu laga nr. 57/2015 og laga nr. 96/2016, um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, svo og setningu reglugerðar nr. 233/2017, um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja.

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um að koma á fót Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er fjallað um viðmiðunarreglur og almenn tilmæli eftirlitsstofnunarinnar. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Viðmiðunarreglur EBA vegna markaðsáættu, auk annarra viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna, munu í kjölfar gildistöku laga nr. 24/2017 ekki verða teknar upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins, nema sérstök ástæða þyki til. Fjármálaeftirlitið mun þess í stað birta á heimasíðu sinni dreifibréf þetta og slóð á enskar útgáfur viðmiðunarreglnanna ásamt stuttri umfjöllun um innihald þeirra. Auk þess mun Fjármálaeftirlitið reglulega annast kynningar á efni viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglur EBA í eftirlitsframkvæmd, þar með talið vegna könnunar- og matsferli stofnunarinnar (SREP).



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið beinir því til fjármálafyrirtækja að kynna sér viðmiðunarreglur EBA á heimasíðu eftirlitsins og að taka mið af þeim í starfsemi sinni. Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða reglum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Þann **24. október nk. kl. 9.00** fer fram kynning á þeim viðmiðunarreglum EBA sem varða markaðsáhættu. Viðmiðunarreglurnar byggja á ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eða svonefndri CRR reglugerð, sem tók gildi hér á landi með setningu reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017. Á kynningunni verður einnig stuttlega fjallað um þá tæknilegu staðla sem gilda um markaðsáhættu en þeir munu taka gildi með setningu reglna af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Kynningin fer fram í húsakynnum Fjármálaeftirlitsins að Katrínartúni 2, 3. hæð, og mun varða:

- Viðmiðunarreglur EBA um leiðréttingar á aðlöguðum binditima vegna skuldabréfa, sjá: <http://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/market-risk/guidelines-on-corrections-to-modified-duration-for-debt-instruments>.

Áhugasamir skrái sig á kynninguna með því að senda tölvupóst með fjölda þátttakenda og nöfnum þeirra á fme(a)fme.is, með efninu: „Viðmiðunarreglur EBA vegna markaðsáhættu“.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Sigurður Freyr Jónatansson


Hjálmar Stefán Brynjólfsson